

## GJALDSKRÁ fyrir hreindýraveiðileyfi.

1. gr.

*Gjald fyrir hreindýraveiðileyfi.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir úthlutun hreindýraveiðileyfa.

Gjaldið skal vera:

	<i>Upphæð kr.</i>
a. Fyrir tarf á svæðum 1 til 9	135.000
b. Fyrir kýr á svæðum 1 til 9	80.000

2. gr.

*Gildistaka og lagastoð.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Gjaldskráin kemur í stað gjaldskrár nr. 150/2012 og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. febrúar 2014.*

F. h. r.  
**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Björgvin Valdimarsson.*